



Akureyrarkaupstaður,
c/o Hulda Sif Hermannsdóttir.

Akureyri 27. júlí 2018

Varðar aukinn viðbúnað á tjaldsvæðunum um verslunarmannahelgina.

Nú er unnið að undirbúningi verslunarmannahelgarinnar á tjaldsvæðunum á Akureyri. Með öflugum viðbúnaði við framkvæmd á rekstri tjaldsvæðanna um verslunarmannahelgina og í samstarfi við Akureyrarbæ hefur tekist að ná góðri sátt um reksturinn þessa miklu ferðahelgi. Tekist hefur að þróa upp aðferðir sem virka þannig að hinn blandaði hópur tjaldgеста á tjaldsvæðunum getur sæmilega við unað. Hér er átt við fjölskyldufólk og einstaklinga sem leið eiga um bæinn eða dvelja um helgina, erlenda ferðamenn og hefðbundna unga (18 ára og eldri) gesti verslunarmannahelgarinnar.

Aðkoma bæjarins að málinu hefur falist í virku samráði á milli aðila s.s. starfsmanna á framkvæmdadeild og Akureyrarstofu. Viðbúnaður tjaldsvæðanna hefur falist í mjög viðamikilli gæslu og öðrum viðbúnaði sem miðar að því að gera þessa framkvæmd mögulega. Mjög mikill kostnaður er þessu samfara og langt umfram það sem getur talist eðlilegur við rekstur venjulegs tjaldsvæðis. Akureyrarbær hefur undanfarin ár tekið þátt í auknum kostnaði sbr. 5 gr. í samningi um rekstur tjaldsvæðanna.

Á síðasta ári Samþykki bæjarráð styrk að upphæð kr. 500.000 ef á þyrfti að halda og fól Akureyrarstofu að skipa fulltrúa vegna samráðs og samstarfs. Stjórn Hamra samþykkti síðan í ljósi þess hvernig starfsemin um verslunarmannahelgina þróaðist að óska ekki eftir að nýta þessa heimild.

Á síðasta ári varð nokkur gagnrýni á fyrirkomulag aðgangstýringar að tjaldsvæðunum og því verður að breyta fyrirkomulaginu í ár. Nýtt fyrirkomulag er mun erfiðara í framkvæmd og kostnaðarsamara. Einnig getur það stuðlað að hættu á auknum fjölda fólks inni á svæðinu sem ekki er endilega að gista þar en er eingöngu þar til að skemmta sér.

Annað sem hefur áhrif á þörfina fyrir stór aukna gæslu er að tjaldsvæðin á Akureyri eru með 18 ára aldurstakmark en mörg tjaldsvæði sem aðdráttarafli hafa fyrir unga gesti þessa helgi hafa hækkað aldurstakmark í t.d. 23 ár. Þetta getur haft þau áhrif að aldurshópurinn 18- 23 ára sækir frekar hingað. Í samræmi við þetta og auglýsta dagskrá á Akureyri um komandi verslunarmannahelgar má búast við aukningu á fjölda þeirra gesta sem valda mestum aukakostnaði vegna gæslu og annars viðbúnaðar um helgina.

Við teljum ekki ráðlegt að draga úr gæslu á tjaldsvæðunum. Þess vegna förum við fram á áframhaldandi aðkomu bæjarins að þessu máli.

Stjórn tjaldsvæðanna vill að sátt ríki um rekstur þeirra um verslunarmannahelgina sem og aðra daga. Því leggjum við til að skipaður verði fulltrúi bæjarins til samráðs og samstarfs um framkvæmd gæslumála um komandi verslunarmannahelgi bæði nú fyrir helgina og á vettvangi um helgina sjálfa.

Fh. stjórnar Hamra

Tryggvi Marinósson